

Nd.

99. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árið 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru i fjárlögunum fyrir árið 1923, veitast kr. 46306,05 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) veitast kr. 1636,85.

| | | |
|---|---------|-------------|
| 1. Til raflagnar i sóttvarnarhúsið á Akureyri | kr. | 411,85 |
| 2. Til Guðm. Björnsonar landlæknis, upp í kostnað við för til Stokkhólms 1920 | — | 1225,00 |
| | Samtals | kr. 1636,85 |

3. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 30404,49.

| | | |
|--|---------|--------------|
| 1. Kennari Sigurbj. Á. Gíslason, launabót 1922 og 1923 | kr. | 3000,00 |
| 2. Kennari Guðm. Kristjánsson, launabót 1922 og 1923 | — | 3000,00 |
| 3. Höfuðaðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri | — | 130,06 |
| 4. Til raflagningar í Hvanneyrarskóla | — | 4729,52 |
| 5. Til raflagningar í Háskólann | — | 1401,75 |
| 6. Til að mála Þykkvabæjarkl. og Langholtskirkjur | — | 923,25 |
| 7. Til raflagningar í Kennaraskólann | — | 1201,50 |
| 8. Til raflagningar o. fl. í Kirkjustræti 12 | — | 2128,06 |
| 9. Til raflagningar í dómkirkjuna í Reykjavík | — | 4539,49 |
| 10. Til Guðm. Thoroddsen læknis: Kensla í lagalegri læknisfræði við Háskólann | — | 500,00 |
| 11. Til Jóns H. Sigurðssonar, hjeraðsl.: Fyrir aukakenslu við læknadeild Háskólans | — | 1500,00 |
| 12. Til viðgerðar skólahússins á Hólum | — | 1797,11 |
| 13. Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík | — | 5553,75 |
| | Samtals | kr. 30404,49 |

4. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 14264,71.

| | | |
|---|---------|--------------|
| 1. Til búnaðarfjelagsforseta Sig. Sigurðssonar: Ferðakostnaður til Noregs | kr. | 2000,00 |
| 2. Til sjóvarnargarðs á Siglufirði (til viðgerðar) | — | 584,60 |
| 3. Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins | — | 5780,11 |
| 4. Til Ásgeirs Ólafssonar, til dýralækninganáms | — | 400,00 |
| 5. Til húsbóta á Hallormsstað 1921 | — | 5500,00 |
| | Samtals | kr. 14264,71 |

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 2. gr.

1. Þar sem þess var eindregið óskað, að rafmagn yrði lagt inn í sóttvarnarhúsið á Akureyri, þótti eigi ástæða til að hafa á móti því, enda um svo litla upphæð að ræða.
2. Landlæknir mun hafa fengið ádrátt um það hjá þáverandi dómsmálaráðherra, að einhver hluti af ferðakostnaðinum til Stokkhólms yrði greiddur úr ríkissjóði, og þar sem fjárveitinganefndir Alþingis, sem málið var borið undir, ekki lögðu á móti greiðslunni, var upphæð þessi borguð. Alls nam ferðakostnaðurinn kr. 3225,00.

Við 3. gr.

- 1.—2. Kennararnir Sigurbjörn Á. Gíslason við vjelstjóraskólann og Guðm. Kristjánsson við stýrimannaskólann hafa 1000 kr. lægri árslaun en kennarar við

aðra sambærilega skóla. Hafði neðri deild Alþingis samþykkt að laun þeirra hvors um sig skyldu hækka um 1000 kr., en efri deild þótti eigi viðeigandi að breyta launalögunum að því er menn þessa snerti, en fjárveitinganefnd þeirrar deildar lagði hinsvegar til, að þeim yrði greidd 1500 kr. launauppbót. Þessi upphæð hefir þeim því verið greidd, hvorum fyrir sig, árin 1920 og 1921, og þótti því ekki nema eðlilegt að sama uppbót væri þeim greidd fyrir árin 1922 og 1923.

3. Þetta eru eftirstöðvar af höfuðviðgerð á gagnfræðaskólanum á Akureyri, sbr. 4. gr. 8 fjárukalaga fyrir árið 1922, og vísast til athugasemda við frv. til nefndra fjárukalaga.
- 4.—5. Sömuleiðis eftirstöðvar af raflagningarkostnaði í alþingishúsið (Háskólann) og á Hvanneyri, sbr. 4. gr. 5 og 11 fjárukalaga fyrir árið 1922, og vísast til þá gerðra athugasemda um nefnda liði.
6. Samkvæmt skýrslu umboðsmanns, voru kirkjur þessar orðnar svo illa útlítandi, að eigi varð hjá því komist að mála þær og laga að ýmsu leyti. Var því umboðsmanni falið að gera þetta og kostnaðurinn greiddur úr rikissjóði.
7. Eftirstöðvar af raflagningarkostnaði í Kennaraskólann, sbr. fjárukalög fyrir 1922, 4. gr. 7.
8. Þáverandi forstöðumaður gerlarannsóknarstofu Háskólans taldi óumflýjanlegt, að rafveita yrði lögð inn í Kirkjustræti 12, þar sem gerlarannsóknarstofan er til húsa, og þótti því ekki annað fært en að verða við þeirri beiðni.
9. Þar sem nauðsyn var orðin á að endurbæta og endurnýja gasljósaáhöld dómkirkjunnar, þótti rjettara að ráðast í að raslýsa kirkjuna nú, því það hefði hvort sem er þurft að gera mjög bráðlega.
- 10.—11. Þessir liðir höfðu af vangá fallið burt af fjárlögum fyrir árið 1923, en þar sem ætla má, að alls ekki hafi verið ætlunin að kensla sú, er um ræðir, skyldi falla niður, þótti eigi annað fært en að greiða þessar upphæðir.
12. Af fjárveitingunni til bændaskólans á Hólum 1922 gengu af kr. 1797,11 og var skólastjóra heimilað að nota þetta fje til viðgerðar á skólahúsinu, en þetta var þó um seinan til þess að þessu yrði ávísað á fjárlög þess árs.
13. Óumflýjanlegt hefir orðið að greiða meira fje til uppfyllingar á kirkjugarðinum, en nú er þeim kostnaði væntanlega að mestu lokið.

Við 4. gr.

1. Það þótti nauðsynlegt að senda búnaðarmálastjóra Sig. Sigurðsson til Noregs, til þess að kynna sjer þar mjólkursamvinnubú, með það fyrir augum að endurreisa hjer rjómbú. Ennfremur átti hann að kynna sjer nýbýlamálið þar, ásamt ýmsu fleiru, er að landbúnaði lýtur.
2. Sjóvarnargarðurinn skemdist af sjávargangi haustið 1922 og var því bráðnauðsynlegt að bæta úr til bráðabirgða.
3. Þetta er samskonar kostnaður við skrifstofuhald húsameistara og áður hefir verið veittur.
4. Þessum manni var samkv. 16. gr. 7 c. fjárlaga 1923 veittur 800 kr. styrkur til dýralækninganáms erlendis, en var síðar veittur þessi viðbótarstyrkur. Var styrkveiting þessi miðuð við það, að stúdentar, sem eru við nám í Kaup-

mannahöfn, fá 1200 kr. styrk, en þegar leið á árið 1923, var orðið fult eins dýrt að vera við nám í Þýskalandi, þar sem maður þessi dvelur, eins og í Kaupmannahöfn.

5. Vorið 1921 ákvað þáverandi ráðheira Pjetur Jónsson í samíáði við skógræktarstjóra, að nota mætti 5500 kr. til lagfæringar á gamla skógarvarðarhúsinu á Hallormsstað, sem orðið var afarhrörlegt, og til að gera þar nýtt eldhús og búr, sem talið var óþjákvæmilegt. Var síðan sýslumanni falið að greiða skógarverðinum þetta fje, en sýslumanni láðist að biðja um endurgreiðslu þá, svo upphæðin var fyrst endurgreidd á árinu 1923.